

Uppbygging íþróttaaðstöðu innanhúss á svæði Ármanns og Þróttar

Skýrsla fyrir borgarstjóra

Reykjavík, 14. júlí 2023



*„Ef þú veist ekki
hvert þú ert að fara,
þá skiptir ekki máli
hvaða leið þú velur“*

Áætlað er að á árunum 2027-2028 verði búið að leysa úr innanhúspörfum boltagreina Ármanns og Þróttar sem duga til næstu 5-10 ára, með tilkomu þjóðarhallar og íþróttahúss við Fleyvang í Vogabyggð. Vaxandi þörf vegna stækkandi hverfis Voga- og Höfðabyggðar verður mætt með nýju íþróttahúsi við Sævarhöfða.

- Viðfangsefni þessarar skýrslu er að greina aðstöðu sem íþróttafélögin Ármann og Þrótt þurfa í Laugardal og Voga- og Höfðabyggð, svo félögin geti þjónað börnum og ungmennum sem best og í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í íþróttamálum.
- Inniaðstaða Ármanns og Þróttar í Laugardal hefur verið ábótavant og hefur gert þeim erfitt að sinna þeim íþróttagreinum (karfa, handknattleikur og blak) og því starfi sem þau vilja bjóða upp á í Laugardalnum. Nú þegar starfssvæði þeirra stækkar með tilkomu Voga- og Höfðabyggðar, verður mikilvægt að samhæfa uppbyggingu á aðstöðu í báðum hverfum til að félögin geti þjónað börnum og ungmennum sem best.
- Við úrvinnslu þessa verkefnis voru greindar þarfir íþróttafélaganna fyrir íþróttatíma til næstu 5-10 ára.
- Bygging þjóðarhallar í Laugardal (*áætluð í notkun í lok árs 2026*) og samrekstur hennar með Laugardalshöll mun bæta aðstöðu íþróttafélaganna fyrir innanhússboltagreinar í Laugardal verulega, og með tilkomu íþróttahúss á Fleyvangi (*árið 2028*) og við Sævarhöfða (*tímasetning ekki komin*) í Voga- og Höfðabyggð verður búið að uppfylla þarfir félaganna varðandi innanhússboltagreinar fyrir fullbyggt hverfi Voga- og Höfðabyggðar.
- Uppbygging í Voga- og Höfðabyggð einskorðast við æfingaaðstöðu fyrir börn og unglinga í hverfinu á meðan keppnishald yrði alfarið í Laugardalnum.
- Fram til 2027 þyrfti að bæta úr bráðasta aðstöðuvanda íþróttafélaganna með því að fjölga tímum fyrir félögin í Laugardalshöll, nýta áfram íþróttahús Kennaraháskólans, endurnýja gólf og körfur í íþróttahúsi MS og nýta það betur, ásamt því að nýta áfram litlu íþróttahúsin við grunnskólana í Laugardal. Jafnframt er ljóst að félögin þurfa að fresta eða hægja á frekari aukningu þjónustu við iðkendur.
- Eftir stendur að:
 - Leysa úr þörfum íþróttafélaganna sem tengjast bættri búningaáðstöðu við fimleikahús Ármanns og knattspyrnuvelli Þróttar í Laugardal og aðkomu að aðstöðu Ármanns.
 - Bæta aðra íþróttaaðstöðu s.s. knattþús, fimleikahús, tennis ofl. en ákvörðun um slíka aðstöðu er forgangsraðað eftir forgangsroðunarlíkani íþróttamannvirkja.

Efnisyfirlit

• Samantekt	2
• Aðdragandi	4
• Staðan í dag	
– Stefna Reykjavíkurborgar í íþróttamálum til ársins 2030	5
– Íþróttafélögin og aðstaða þeirra	8
– Þarfir og óskir íþróttafélaganna Ármanns og Þróttar í Laugardal og Voga- og Höfðabyggð	12
– Þarfi og óskir Ármanns og Þróttar fyrir innanhússaðstöðu fyrir boltagreinar	15
• Aðstaða til að koma á móts við óskir	20
• Uppfylling óska íþróttafélaganna	24
• Samstarf íþróttafélaganna	28
• Niðurstaða	30
• Viðauki	32
– Óskir fyrir íþróttatíma innanhússgreina	33

Aðdragandi

- Í dag eru tvö hverfisíþróttafélög í Laugardalnum, Ármann og Þróttur.
 - Félögin byggja á gömlum meiði, starfa algjörlega sjálfstætt og hafa ekki verið í neinu formlegu samstarfi.
 - Ármann rekur 10 deildir og Þróttur 5 deildir en starfsemi deildanna skarast ekki.
- Aðstaða félaganna til rekstrar og æfinga í hverfinu hefur verið verulega áfátt mörg undanfarin ár og því hafa félögin ekki náð að byggja upp þær greinar sem þau vildu. Ekki hefur bætt úr skák að skipulegar æfingar í Laugardalshöllinni geta ekki verið reglulegar vegna viðburða sem haldnir eru í höllinni, en það raskar þeirri þjónustu sem félögin eru að veita.
- Undirbúningur að hönnun íþróttahúss á bílastæðum við höfuðstöðvar félaganna hófst fyrir nokkrum árum en var tekin til endurskoðunar þegar því var lýsti yfir að byggja ætti þjóðarhöll sem taka ætti í notkun árið 2025.
- Með þeirri yfirlýsingu og svo vinnu undirbúningshóps um byggingu þjóðarhallar kviknuðu væntingar hjá félögunum um ný tækifæri til nýtingar Laugardalshallar og þjóðarhallar.
- Sumarið 2022 var gengið frá tveimur nýjum gervigrasvöllum fyrir Þrótt norðan við Laugardalsvöll og nú er unnið að algjörrri endurnýjun á keppnisvelli Þróttar.
- Gengið hefur verið frá því að bæði félögin hefji og sinni íþróttastarfsemi í nýrri Voga- og Höfðabyggð, en sú byggð fer nærri að tvöfalda starfssvæði félaganna.
- Reykjavíkurborg, ÍTR og ÍBR hafa að undanförunni unnið með félögunum að greiningu aðstöðumála og hefur þar komið fram að félögin sjái álitleg tækifæri til frekari samvinnu. Intellecta var fengið til að aðstoða sem ráðgjafi við þá vinnu, sem fólst í
 1. Ráðgjöf er varðar könnun félaganna að nánara samstarfi til framtíðar. Vinnuna þarf að formgera og tímasetja með tilliti til samstarfs bæði í Laugardal og í Voga- og Höfðabyggð.
 2. Rýna aðstöðu sem þarf fyrir félögin í Voga- og Höfðabyggð.
 3. Rýna aðstöðu í Laugardal svo hún geti þjónað börnum og ungmennum.
- Þessari skýrslu er ætlað að vera niðurstaða af vinnu við lið 2 og 3. Vinna við lið 1 tekur lengri tíma að formgera og byggir á ákvörðunum um uppbyggingu aðstöðu.

Stefna Reykjavíkurborgar í íþróttamálum til 2030

Reykjavíkurborg hefur mótað metnaðarfulla stefnu í íþróttamálum til 2030, sem markar ramma um íþróttastarf í borginni

Framtíðarsýn okkar árið 2030 er, að sem flestir Reykvingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu

Markmiðið 2030 er að lágmarki 70% íbúa stundi rösklega hreyfingu í 30 mínútur eða meira að lágmarki þrisvar í viku



Stefna 1

Íþróttir, líkamsrækt og hreyfing fyrir alla á öllum æviskeiðum



Stefna 2

Börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi, óháð kyni, efnahag og stöðu



Stefna 3

Framúrskarandi keppnis- og afreksfólk, sem veitir framtíðarkynslóðum hvatningu til íþróttaiðkunar



Stefna 4


Uppbygging og rekstur hagkvæmrar aðstöðu til íþróttaiðkunar og hreyfingar, sem hentar vel þörfum hverju sinni



Stefna 5

Skipulögð umgjörð, gott samstarf og stuðningur við öflugt og faglegt starf íþróttafélaga

Á grunni stefnunnar hefur uppbyggingu íþróttamannvirkja verið forgangsraðað. Enn fremur er unnið að því að breyta skilgreiningu *hverfafélaga* svo félögin séu betur í stakk búin til að vinna að og ná fram stefnu borgarinnar og til að búa til hvata fyrir félögin að efla afreksstarf sitt enn frekar.



Tillögur sem ÍBR og íþróttafélögin eru að vinna að:

- Breytingar á skilgreiningu hverfaíþróttafélags
- Hvatar fyrir íþróttafélögin að sameinast um betra og öflugra íþróttastarf fyrir börn og unglinga og uppfylla kröfur um meiri fagmennsku
- Stýrðum hvötum fyrir bætt keppnis- og afreksstarf.
- Aukið samstarf innan hverfa, milli hverfaíþróttafélaga og stofnanna innan Reykjavíkurborgar

Bætt íþróttaaðstaða



Kröfur á hverfafélögin



- Aukið samstarf
- Öflugt starf í deildum

Íþróttafélögin og aðstaða þeirra

Ármann og Þróttur

Íþróttafélögin Ármann og Þróttur byggja á gömlum grunni og saman bjóða þau fjölbreytt úrval íþróttagreina




- Glímufélagið Ármann var stofnað 15. desember árið 1888 á túnbletti við Rauðará í Reykjavík.
- Ármann flutti starfsemi sína úr Sóltúni í núverandi aðstöðu sína í Laugardalnum árið 2006.
- Ármann er elsta samfelld starfandi íþróttafélag landsins með 10 deildir og um 2000 iðkendur.
- Með núverandi húsnæði var leyst úr brýnustu þörfum þriggja deilda en aðrar deildir og félagsaðstaða sátu eftir.



- Knattspyrnufélagið Þróttur var stofnað árið 1949 í gömlum herbragga í Vesturbænum.
- Félagið var starfrækt í Vesturbæ Reykjavíkur til ársins 1969 þegar því var úthlutað svæði við Sæviðarsund í Sundahverfinu.
- Þar starfaði félagið til 1998 þegar það flutti á framtíðarsvæði sitt í Laugardalnum
- Þróttur er með 5 deildir og um 2100 iðkendur.
- Uppbygging er hafin á knattspyrnusvæði félagsins en margt er eftir til að bæta þá aðstöðu og eftir er að leysa úr innanhúsaðstöðu fyrir félagið

Íþróttagreinar (ÍSí)	Ármann	Þróttur
Knattspyrna		x
Handknattleikur		x
Körfuknattleikur	x	
Blak		x
Fimleikar	x	
Frjálsar	x	
Sund	x	
Skíði	x	
Listskautar		
Íshokki		
Júdó	x	
Karate		
Teakwondo	x	
Tennis		x
Badminton		
Borðtennis		
Kraftlyftingar	(x)	
Ól lyftingar	(x)	
Keila		
Glíma		
Fjöldi greina innan ÍSí	9	4
Aðrar greinar:		
Píla		
Skák		x
Rafíþróttir	x	
Almenningsíþróttir		
Fjöldi annarra greina	1	1
Fjöldi greina í heild	10	5

Fyrirhugað er að nýtt hverfi í Voga- og Höfðabyggð verði hluti af ípróttahverfi Ármanns og Þróttar. Með því stækkar starfssvæði félaganna mikið og verður þá fjölmennasta ípróttahverfi höfuðborgarsvæðisins.



Hverfi Ármanns og Þróttar í Laugardalnum:

- Fjöldi íbúa um 16.700 manns

Áætluð stærð Voga- og Höfðabyggðar:

- Áætluð uppbygging í ...
 - Vogabyggð 1.100-1.300 íbúðir
 - Höfðabyggð um 5.900 íbúðir
- Áætlaður fjöldi íbúa 15.000-20.000

Hverfi Ármanns og Þróttar tvöfaldast:

- Verður um 30.000-35.000 manna hverfi
- Verður fjölmennasta ípróttahverfið á stór- höfuðborgarsvæðinu
- Stækkunin gefur félögunum tækifæri á að vaxa og verða leiðandi félög/félag á höfuðborgarsvæðinu

Aðstaðan þessara íþróttafélaga er lakari en aðstaða annarra íþróttafélaga og jafnvel ófullnægjandi. Það á sérstaklega við um inniaðstöðu fyrir boltagreinar, búningsaðstöðu í Laugardal fyrir velli á vegum Þróttar og vegna fimleikaaðstöðu Ármanns og aðstöðu fyrir félagsstarf Ármanns.



Núverandi aðstaða Ármanns í Laugardal:

Húsnæði rekið af félaginu:

- Fimleikahús og bardagasalur og 2 búningsklefar
- Skrifstofuaðstaða án fundaraðstöðu

Aðgangur að húsnæði í umsjón annarra:

- Aðgangur að Laugardalshöll – karfa – víkjandi fyrir íþróttamótum og viðburðarhaldi
- Aðgangur að frjálsíþróttahöll – víkjandi fyrir íþróttamótum og viðburðarhaldi
- Aðgangur að Laugarnesskóla og Langholtsskóla (karfa)
- Aðgangur að húsnæði fyrir lyftingar – ófullnægjandi aðstaða
- Aðgangur að Laugardalslaug – sund fyrir meistaraflokka, en ekki fyrir börn og unglinga

Aðgangur að húsnæði annars staðar:

- Skíðaskáli í Bláfjöllum (eign Ármanns)
- Aðgangur að Kennaraháskóla – karfa
- Aðgangur að Árbæjarlaug – sund fyrir börn og unglinga



Núverandi aðstaða Þróttar í Laugardal:

Aðstaða rekin af félaginu:

- Knattspyrnuvöllur (gervigras) með stúku sem verið er að endurnýja algjörlega
- 2 nýir gervigrasvelli
- Grassvæði til knattspyrnuæfinga og
- 4 búningsklefar fyrir knattspyrnu
- Skrifstofuaðstaða
- Samkomusalur
- Þreksalur

Aðgangur að húsnæði í umsjón annarra:

- Aðgangur að Laugardalshöll – blak og handknattleikur – víkjandi fyrir íþróttamótum og viðburðarhaldi
- Aðgangur að Vogaskóla – blak og handknattleikur

Aðgangur að húsnæði annars staðar:

- Aðgangur að Egilshöll og fjölnotahúsi ÍR – knattspyrna

Önnur íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu:

- Öll eru með íþróttamiðstöð tengt við innanhússaðstöðu og knattspyrnuaðstöðu
- Ekkert þessara félaga mun vera með jafn stórt íþróttahverfi og Ármann Þróttur, þegar Voga- og Höfðabyggð verður fullbyggð




Þarfi og óskir íþróttafélaganna Ármanns og Þróttar í Laugardal og Voga- og Höfðabyggð

Samantekt á óskum Ármanns og Þróttar tengt endurbótum á núverandi aðstöðu

Þegar nýtt hverfi í Voga- og Höfðabyggð rís þarf viðbótaraðstöðu til að þjóna því hverfi



Í nýju hverfi Voga- og Höfðabyggðar, þarf íþróttapjónustu í nærumhverfinu. Við uppbyggingu þeirrar aðstöðu er horft til þess að leysa úr einhverjum þörfum félaganna með frekari uppbyggingu í Laugardal. Þannig er t.d. eingöngu gert ráð fyrir æfingaraðstöðu í nýja hverfinu þar sem keppnisaðstaða verður í Laugardalnum.



Þarfir og óskir íþróttafélaganna fyrir innanhússaðstöðu fyrir boltagreinar



Ármann – Körfuknattleikur

Þróttur – Handknattleikur, blak og knattspyrna

Óskir íþróttafélaganna Ármanns og Þróttar fyrir tíma í íþróttahúsi fyrir boltagreinar er í dag um 6.800 tímar, en með bættri aðstöðu sjá félögin fram á að þurfa allt að 13.200 tíma eftir 5-10 ár og enn meira þegar Voga- og Höfðabyggðin er orðin fullbyggð

Teknar eru sérstaklega fyrir óskir Ármanns og Þróttar tengt innanhússaðstöðu fyrir boltagreinar, þar sem ákvarða þarf sérstaklega hvernig á að koma til móts við þær óskir í tengslum við byggingu Þjóðarhallar og annars íþróttahúsnæðis í nýju hverfi Voga- og Höfðabyggðar.

- Í dag rekur Ármann körfuknattleiksdeild. Þróttur rekur knattspyrnudeild og blakdeild, en einnig handknattleiksdeild sem er ekki með starfsemi í öllum aldursflokkum
- Skortur á aðstöðu hefur háð Ármanni við enn frekari uppbyggingu á körfuknattleik og Þrótti varðandi uppbyggingu handknattleiks
- Í dag er þörfin um 6.800 klst. miðað við sal á stærð við körfuboltavöll*
- Út frá vaxtaráformum félaganna er þörfin eftir 5-10 ár um 13.200 klst.
- Stærsti hluti af viðbótarþörfunum er vegna vaxtaráforma Þróttar við uppbyggingu handknattleiks.*
- Þegar nýtt hverfi í Voga- og Höfðabyggð er að fullu uppbyggt má búast við að það þurfi enn fleiri tíma en hér eru tilgreindir, ef yngri flokkastarf fyrir yngstu þátttakendurnar (1.- 6. bekk) eru rekið á tveimur stöðum, annars vegar í Laugardal og hins vegar í Voga- og Höfðabyggð.
- Viðbótarfjöldi tíma vegna þessa getur verið allt að 2.000 klst á ári fyrir körfuknattleik, handknattleik og blak sem gerir heildarþörfina um 15.200 klst á ári




* Handknattleiksvöllur er jafn stór og 2 körfuknattleiksvellir og því þarf fleiri tíma fyrir handknattleiksæfingar en körfuknattleiksæfingar, að jafnaði.

** Þarfir Ármanns samanstanda af tímum fyrir körfuknattleik. Tímarnir eru reiknaðar út frá óskum um fjölda æfingatíma fyrir þá flokka sem eru með virka þátttakendur í dag. Þarfir til 5-10 ára eru metnar út frá því að Ármann sé með starfsemi í öllum flokkum í körfuknattleik og því hámarks tímaviðmiði sem ÍBR er með varðandi æfinga- og keppnistíma fyrir viðkomandi flokka. Æfingatímar um sumar eru lækkaðri verulega niður.

*** Þarfir Þróttar samanstanda af tímum fyrir handknattleik og innanhússtímum fyrir knattspyrnu yfir háveturinn fyrir yngstu iðkendur. Tímarnir eru miðaðir við núverandi stöðu Þróttar og óskir um tíma vegna uppbyggingar á næstu 5-10 árum. Til viðmiðunar er hámarksviðmiði ÍBR. Æfingatímar um sumar eru fáir, aðeins í ágúst.

Það verður erfitt og ólíklegt að félögunum takist að halda úti 4 boltagreinum í fullri starfsemi í núverandi hverfi (Laugardal). Með tilkomu fullbyggðs Voga- og Höfðabyggðar, verður til stærsta íþróttahverfið á landinu og þá er líklegt að það verði mögulegt. Því er skynsamlegt að Þróttur samhæfi uppbyggingaráform sín í handknattleik við uppbyggingu í Voga- og Höfðabyggð.

Myndin sýnir fjölda boltagreina íþróttafélaga stærstu bæjarfélaganna á Íslandi ásamt fjölda íbúa og fjölda íbúa á aldrinum 6-18 ár svæði viðkomandi félags




- Ekkert íþróttafélag er í dag með 4 bolta íþróttagreinar á sínu starfssvæði
- Flest 3-ja boltagreina íþróttafélögin eru með aðstöðu í hverfum sem eru með um 15-23 þús. íbúa og með 2.700-3.400 íbúa á aldrinum 6-18 ára
- Með fullbyggðu Voga- og Höfðahverfi verður svæði Ármanns og Þróttar orðið meira en 30 þús. manna hverfi og rúmlega 4.000 íbúa á aldrinum 6-18 ára
- Slík hverfisstærð ætti að geta borið 4 boltagreinar

- Hver kúla táknar íþróttafélag í stærri bæjarfélögum á Íslandi
- Rauða kúlan er Ármann/Þróttur
- Stærð kúlu táknar fjölda boltagreina
- ½ boltagrein táknar að greinin er aðeins í boði fyrir karla eða konur

Þarfir íþróttafélaganna fyrir inni íþróttaaðstöðu er mismunandi eftir tímum dags, tímarnir kl. 14-22 á virkum dögum og kl. 8-18 um helgar nýtast best. Grunnskólar þurfa tíma fyrir hádegi á virkum dögum sem passar vel saman við þarfir íþróttafélaganna


Þarfir eftir tímum dags:

Kl.	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.	Sun.
8-9	Skólatímar						
9-10							
10-11							
11-12							
12-13							
13-14							
14-15							
15-16							
16-17							
17-18							
18-19			Æfingar í íþróttum Mót				
19-20							
20-21							
21-22							




Hjá íþróttafélagunum er mest eftirspurn eftir tímum á virkum dögum milli 14-22 og er það að jafnaði flöskuhálsinn varðandi æfinga- og keppnistíma. Helgarnar nýtast einnig vel undir keppni, en einnig undir æfingar. Nægir lausir tímar eru að jafnaði fyrir grunnskóla á skólatíma 8-14.

Til að uppfylla þarfir íþróttafélaganna í dag þarf 4 íþróttasali (salur miðast við körfuboltavöll), en ef horft er á vaxtaráform íþróttafélaganna á næstu 5-10 árum þarf um 6 íþróttasali ef þeir eru bæði nýttir á virkum dögum og um helgar



Tímabilið 14-22 á virkum dögum er flöskuhálsinn varðandi það að meta þarfir fyrir fjölda íþróttasala



Ef tekin eru saman tímabilin 14-22 á virkum dögum og 8-18 um helgar er hægt að ná betri nýtingu, en það táknar almennt hlutfallslega fleiri helgaræfingar, sem er ekki alltaf hentugt.

Aðstaða til að koma til móts við óskir

Íþróttahúsnæði fyrir boltagreinar

Aðstaða í Laugardal og önnur aðstaða sem hægt er að nýta

Laugardalshöll – 2 salir



Þjóðarhöll - 4 salir – áætluð tilbúin 2026-2027



Íþróttahús Kennaraháskólans – 1 salur (utan íþróttahverfis)



Íþróttahús MS – 1 salur (innan hverfis en í eigu ríkisins)



Laugardalshöll og Þjóðarhöll

- Laugardalshöllin er í eigu Reykjavíkurborgar, en gert er ráð fyrir að Þjóðarhöllin verði í eigu bæði Reykjavíkurborgar og ríkisins.
- Gert er ráð fyrir að þegar Þjóðarhöllin verði tekin í notkun verði Laugardalshöll og Þjóðarhöll rekin saman af Íþrótt- og sýningarhöllinni hf
- Með skiptingu Laugardalshallar eru þar 2 vellir til íþróttæfinga, en gert er ráð fyrir að Þjóðarhöllin verði skiptanleg í 4 velli til íþróttæfinga

Íþróttahús Kennaraháskólans (tímabundin lausn)

- Meðan ekki er búið að byggja Þjóðarhöll, þarf áfram að nota íþróttahús Kennaraháskólans til að sinna þörfum Ármanns
- Kennaraháskólinn er ekki á svæði Ármanns / Þróttar og því er það bara tímabundin lausn til að létt á vandamálinu þar til aðrar lausnir hafa fundist

Íþróttahús MS

- Íþróttahús við Vogaskóla/MS er hægt að nýta betur til æfinga. Til þess þarf að ráðast í endurbætur á því þar sem gólf er ekki gott og körfur eru í fastri hæð og nýtast því ekki fyrir yngstu flokkana


Annað húsnæði í Laugardal

- Íþróttahús við Langholtsskóla er ekki hægt að nýta nema að mjög litlu leiti fyrir allra yngstu börnin í körfubolta, það mun því ekki létt neitt af þörfinni þar sem slíkir tímar eru mjög fáir
- Óvíst er hvað verður um íþróttahús Laugarnesskóla í þeim breytingum sem eru í gangi

Gert er ráð fyrir að íþróttafélögin fái aðgang að rúmlega 10 þús. vallar klst. á ári í þessum húsum þegar Þjóðarhöllin verður komin í notkun, fram að þeim tíma verður aðgangur að um 4 þús. vallar klst. í Laugardalshöll á ári

Gert er ráð fyrir aðgangi að 2.750 klst. á ári í þessum húsum

Gert er ráð fyrir tveimur íþróttahúsum undir boltagreinar í Voga- og Höfðabyggð sem nýttast íþróttafélögunum eða að lágmarki 4 salir



Fleyvangur

- Fyrirhugað er að byggja íþróttahús við Fleyvangsskóla sem er með sal sem er hægt að skipta í 2 körfuboltavelli (2028)
- 2 salir eru með 2.900 klst. til æfinga á ári ef tímabilin kl.14-22 á virkum dögum og kl. 8-18 um helgar eru nýttar allt árið, en um 2.200 klst. ef nýtingin er bara 9 mánuðir á ári.

Sævarhöfði

- Þörf er á viðbótaríþróttahúsi við safnskólann við Sævarhöfða sem væri að lágmarki jafn stór, þ.e. með 2 körfuboltavelli
- Ekki er komin tímasetning á byggingu þess íþróttahús

Borgarlínan tengir Laugardalinn og Voga- og Höfðabyggð saman og gerir samgöngur milli þeirra greiðar og styður við að hverfunum sé sinnt af sömu íþróttafélögunum, gert er þó ráð fyrir að yngstu iðkendunum sé sinnt í báðum hverfum en eldri iðkendur fari á milli hverfa t.d. með borgarlínu



Tengingar Vogabyggðar og Laugardals:

- Tengingin Vogabyggð/Höfðabyggð við Laugardal er hluti af fyrsta áfanga borgarlínunnar

Tíðni ferða:

- 7-10 mín fresti á annatíma

Ferðatími:


- Áætlað um 5-7 mínútur

Áætluð gangsetning 1. lotu:

- Árið 2025


Uppfylling óska íþróttafélaganna

Óskir fyrir innanhússaðstöðu boltagreina verða uppfylltar á árunum 2027-2028, fram að þeim tíma verður nauðsynlegt að nýta íþróttahús Kennaraháskólans, MS og skólanna í Laugardal til að brúa bilið þangað til Þjóðarhöll rís og íþróttahús við Fleyvang verður komið í gagnið



* Þó Þjóðarhöll sé skiptanleg í 4 sal, þá er hún bæði nýtt af Reykjavíkurborg og öðrum aðilum.

Með tilkomu þjóðarhallar og íþróttahúsanna í Voga- og Höfðabyggð verður hægt að uppfylla óskir Ármanns og Þróttar varðandi áætlaða uppbyggingu inniboltagreina á næstu árum, fresta þarf þó uppbyggingu handknattleiks hjá Þrótti um nokkur ár



- Þegar Þjóðarhöllin og íþróttahúsið við Fleyvang verður tekið í notkun er komið nógu mikið framboð af tímum í íþróttahúsum fyrir boltagreinar til að svara helstu framtíðaróskum íþróttafélaganna Ármanns og Þróttar, án þess að reiða sig á MS, KHÍ og litlu íþróttahús skólanna í Laugardal.
- Íþróttahús við Sævarhöfða mun síðan fullnægja þeim þörfum sem myndast þegar Voga- og Höfðabyggð er orðin fullbyggð og öllu íþróttasvæðinu Laugardal og Voga- og Höfðabyggð er þjónað af báðum félögunum með áherslu á keppnisstarf í Laugardal.
- Fram að því að Þjóðarhöll verður tekin í notkun verður ekki hægt að fullnægja vaxtaráformum félaganna að fullu.
- Í því samhengi geta uppbyggingaráform Þróttar tengt handknattleik ekki ræst að fullu fyrr en árið 2027, þegar Þjóðarhöllin verður tekin í notkun.

* Tímar eru tilgreindir eftir körfuboltavelli, handknattleiksvöllur eru 2 vellir og því er 1 klst á slíkum velli jafngild og 2 tímar

Með tilkomu Þjóðarhallar og íþróttahúsa í Voga- og Höfðabyggð ættu óskir Ármanns- og Þróttar fyrir innanhússíþróttaaðstöðu fyrir boltagreinar að verða uppfylltar, eftir er að útfæra nánar hvar hinar óskirnar verða leystar. Taka þarf tillit til forgangsroðunarlíkansins þegar sum af þeim verkefnum eru skipulögð.

Eftir er að endurbæta aðstöðu við knattspyrnuvöll Þróttar og fimleikahús Ármanns með tilliti til búningsaðstöðu og annarrar aðstöðu sem ætlað er að vera þar

Þarfir/óskir íþróttafélaganna	Hvernig uppfyllir Reykjavíkurborg þær?			
	Laugardalshöll	Þjóðarhöll	Íþróttahús í Voga- og Höfðabyggð	Laugardalur
Samfella í tímum fyrir frjálsar íþróttir	Batnar með tilkomu Þjóðarhallar			Mögulegur útivöllur á Geirsnefi, tengsl við almenningssíþróttir
Bætt aðstaða fyrir rafíþróttadeild		Möguleg	Möguleg	
Bætt aðstaða fyrir lyftingagreinar		Möguleg tengt lyftingaraðstöðu í Þjóðarhöll		
Aðstaða fyrir sundæfinga í Voga- og Höfðabyggð				Möguleg
Aðstaða fyrir Júdo/Takwoondo í Voga- Höfðabyggð				Möguleg í íþróttahúsi í Sævarhöfða
Fimleikahús 63x40 í Voga- og Höfðabyggð (hópfimleikar, parkour o.fl.)				Möguleg
Bætt skrifstofu og félagsaðstaða	Aðgangur að fundarsölum (fundir, þjálfarar) Aðgangur að geymslum og þvottahúsi Möguleg skrifstofaaðstaða			Möguleg
Bætt búningsaðstaða í Laugardal (fimleikar og bardagaíþróttir)				Möguleg
Bætt búningsaðstaða í Laugardal (knattspyrna)				Möguleg
Aukin aðstaða fyrir innanhússgreinar - kl: 14-22 virka daga / kl: 14-22 virkir dagar + kl: 8-18 um helgar	2 salir	4 salir (c.a. 2 fyrir Reykjavíkurborg)	2 salir Fleyvangur 2 salir Sævarhöfða	
Samfella í æfingatímum innanhússgreina	Batnar með tilkomu Þjóðarhallar			Samfella verður í Fleyvangi og Sævarhöfða
Félögin hafi forræði yfir þeirri aðstöðu sem þau nýta til æfinga og keppni			Hægt í þessum húsum	
Bætt umgjörð um knattspyrnuvöll				Í vinnslu
Æfingaaðstaða fyrir knattspyrnu í Voga- og Höfðabyggð (gervigras, búnings- og búnaðaraðstaða)				Mögulegur völlur á Geirsnefi
Inniaðstaða fyrir knattspyrnuæfingar - Lítið knatthús				Möguleg
Tennisaðstaða				Möguleg

Uppfyllt
Að hluta uppfyllt
Eftir

Óskir um uppbyggingu sem meta þarf eftir forgangsroðunarlíkaninu

Samstarf ípróttafélaganna

Ármanns og Próttar

Samstarf félaganna

- Ármann og Þróttur hafa hist til að ræða samstarf félaganna
- Bæði félögin sjá möguleika á nánara samstarfi og vilja komast að niðurstöðu í því máli
- Í fyrsta skrefi yrði unnið að því að ná samlegð í skrifstofurekstri og að samhæfa viðmót gagnvart íbúum
- Ekki hefur verið hægt að útfæra nánar tímasetningar samstarfsins þar sem félögin hafa óskað eftir því að Reykjavíkurborg komi fram með hvað borgin vill gera til að ýta undir áframhaldandi samstarfsviðræður varðandi aðstöðumál og annan stuðning



Niðurstaða

Niðurstaða

Mikil uppbygging á íþróttamannvirkjum er kominn á dagskrá í Laugardal og Voga- og Höfðabyggð.

Laugardalur:

- Bygging þjóðarhallar sem fyrirhuguð er að taka í notkun í Laugardal árin 2026/2027, mun koma til móts við óskir íþróttafélaganna í Laugardal varðandi æfingatíma og aðgengi að fundarsölum og mögulega lyftingaaðstöðu.
- Til að bæta úr bráðasta aðstöðuvanda íþróttafélaganna þarf að fjölga tímum í Laugardalshöll, nýta áfram íþróttahús Kennaraháskólans, íþróttahús MS og litlu íþróttahúsin við skólana í Laugardal. Laga þyrfti íþróttahús MS til að íþróttahúsið nýtist fyrir körfuknattleiksiðkun (parketgólf og hækkanlegar körfur).
- Eftir er að leysa óskir íþróttafélaganna sem tengjast bættri búningsaðstöðu við knattspyrnuvelli Þróttar og fimleikahús Ármanns í Laugardal og aðkomu að aðstöðu Ármanns.

Voga- og Höfðabyggð:

- Uppbyggingin í Voga- og Höfðabyggð verður að veruleika á árunum 2027/2028 og mun því ekki vera hluti af því að leysa núverandi aðstöðuvandamál sem Ármann og Þróttur búa við í Laugardalnum, heldur mun nýtast til að mæta aukinni þjónustubörf í nýju hverfi og mæta vaxtaráætlunum íþróttafélaganna varðandi uppbyggingu í framtíðinni (handknattleikur / blak).
- Uppbygging á íþróttamannvirkjum í Voga- og Höfðabyggð yrði aðallega miðuð að barna- og unglingastarfi í íþróttagreinum félaganna á meðan keppnisaðstaða yrði í Laugardal.
- Þróttur ætti að miða uppbyggingarstarf sitt í handknattleik við tilkomu þjóðarhallar og íþróttahúss á Fleyvangi í Vogabyggð 2026-2028, því þá bæði stóreykst æfingatímaframboðið fyrir félögin, en einnig er erfitt að vera með 4 boltagreinar á íþróttasvæði nema íbúafjöldinn sé farinn að nálgast 30 þúsund manns, sem mun gerast með áframhaldandi uppbyggingu Voga- og Höfðabyggðar.

Viðauki

Óskir fyrir íþróttatíma innanhússgreina í Laugardal

Samantekið yfirlit yfir óskir fyrir innanhúss íþróttatíma í Laugardal, byggt á þarfagreiningu tengt byggingu þjóðarhallar*

PARFIR													
Þarfagreining - "Tímabörf" í dag	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Samtals
Þróttur æfingatímar og keppnistímar	0	0	125	220	231	264	305	278	240	276	221	240	2.400
Árman æfingatímar og keppnistímar	0	0	164	493	493	493	463	493	493	493	493	328	4.403
Samtals	0	0	290	713	724	757	768	770	733	769	713	569	6.803
Þörf tímar - Íþróttafélög - 5-10 ár fram í tímann													
Árman æfingatímar og keppnistímar*	386	386	471	606	606	606	603	606	606	606	606	557	6.647
Þróttur æfingatímar og keppnistímar	0	0	334	628	678	754	754	754	692	786	589	655	6.624
Samtals	386	386	805	1.235	1.284	1.361	1.358	1.361	1.298	1.392	1.195	1.211	13.271
* blanda af óskum og hámarksviðmiðum ÍBR													
Þörf tímar - Skólar og aðrir 8-15 virkir dagar - Regluleg notkun utan sumartíma													
Grunnskólar í Laugardal (Laugarnesskóli og Laugarlækjaskóli)	0	0	0	214	221	214	200	221	200	221	193	221	1.905
Heildarþörf - Tímar fyrir Reykjavíkurborg 5-10 ár fram í tímann	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Samtals
Tímar kl: 8-14 virkir dagar - þarfir grunnskóla	0	0	0	214	221	214	200	221	200	221	193	221	1.905
Tímar 14-22 virkir dagar - þarfir Ármanns og Þróttar	309	309	644	988	1.027	1.088	1.086	1.088	1.039	1.113	956	969	10.617
Tímar um helgar kl 8-18 -Árman og Þróttur	77	77	161	247	257	272	272	272	260	278	239	242	2.654
Tímar um helgar 18-22 - Árman og Þróttur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	386	386	805	1.449	1.505	1.575	1.558	1.582	1.498	1.613	1.388	1.432	15.176
Heildarþörf - Tímar fyrir Reykjavíkurborg í dag	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Samtals
Samtals: kl: 8-14 virkir dagar - þarfir grunnskóla	0	0	0	214	221	214	200	221	200	221	193	221	1.905
Samtals: 14-22 virkir dagar - þarfir Ármanns og Þróttar	0	0	232	570	579	605	614	616	586	615	571	455	5.443
Samtals helgar -Árman og Þróttur 8-18	0	0	58	143	145	151	154	154	147	154	143	114	1.361
Samtals helgar - Árman og Þróttur 18-22	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	290	927	945	971	968	991	933	990	906	790	8.708

TÍMAR TIL AÐ UPPFYLLA ÞARFIR

Íþróttahús - 1 salur													
Heildartímar	406	434	406	420	434	420	378	420	392	434	336	378	4.858
Tímar frá 8-14 virka daga	126	126	132	132	126	132	126	132	120	138	96	120	1506
Tímar frá 14-22 virka daga	168	168	176	176	168	176	168	176	160	184	128	160	2008
Tímar um helgar 8-18	80	100	70	80	100	80	60	80	80	80	80	70	960
Tímar um helgar 18-22	32	40	28	32	40	32	24	32	32	32	32	28	384

ÞARFIR OG UPPFYLING ÞEIRRA

Þarfir	2023	2024*	2025	2026	2027	2028	2029	203x
Áætlaðar þarfir Ármanns og Þróttar	6.800	8.080	9.360	10.640	11.920	13.200	13.200	15.200
Tímar til að uppfylla þarfir								
Laugardalshöll og Þjóðarhöll**	2.300	4.000	4.000	4.000	10.040	10.040	10.040	10.040
MS, KHÍ og skólar	2.120	2.750	2.750	2.750	2.500	0	0	0
Íþróttahús við Fleyvang						2.900	2.900	2.900
Íþróttahús við Sævarhöfða								2.900
Samtals framboð	4.420	6.750	6.750	6.750	12.540	12.940	12.940	15.840

* Vikum fjölgað í Laugardalshöll, KHÍ, MS og skólum

** Laugardalshöll 2 salir og Þjóðarhöll 4 salir

Eftir því sem ný aðstaða kemur í notkun (þjóðarhöll og íþróttahús við Fleyvang, er dregið úr tímum sem nýttir eru í MS, KHÍ og skólum.

Tímar í íþróttahúsi við Sævarhöfða fara í að taka við viðbótarþörf vegna yngri iðkenda, sem bætast við þegar Voga- og Höfðabyggð verður orðin fullbyggð og yngri flokkastarf er rekið í bæði Laugardal og Voga- og Höfðabyggð.

Gert er ráð fyrir að allir tímar í íþróttahúsunum á Fleyvangi og Sævarhöfða á tímabilunum 14-22 á virkum dögum og 8-18 um helgar séu nýttir í þágu íþróttafélaganna Ármanns og Þróttar.

